

FNJÓSKÁ 1989

FNJÓSKÁ 1989

Tumi Tómasson

Hólum, mars 1990

VMST-N/90009X



VEÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

FNJÓSKÁ 1989

INNGANGUR

Dagana 8. og 9. ágúst var gerð athugun á seiðastofnum Fnjóskár. Alls var rafveitt á tólf stöðum. Athugunin var með svipuðum hætti og á síðastliðnum tveimur árum. Flestir rafveiðistaðanna voru þeir sömu og áður, en þó var að þessu sinni veitt á þremur nýjum stöðum. Markmið þessara athugana er að fá yfirlit um útbreiðslu, vöxt og þéttleika mismunandi árganga laxa- og bleikjuseiða, og á þann hátt gera sér grein fyrir hvernig áin nýtist til uppeldis seiða. Ákvarðanir um seiðasleppingar eru síðan teknar á grundvelli niðurstaðnanna.

Lúther Gunnlaugsson var með við rafveiðarnar og Bjarni Jónsson aðstoðaði við framkvæmd þeirra. Rafveiðarnar gengu vel, veður var gott og mátulegt vatn í ánni. Auk seiðaathugananna voru aldursgreind sautján hreystursýni sem veiðimenn söfnuðu af lögum í veiðinni 1989.

Með rafveiðunum er einnig fylgst með afdrifum sleppiseiða. Fyrr um sumarið hafði verið sleppt 20000 småseiðum. Tólf þúsund seiðum var sleppt við vesturbakkann frá Þjóðvegsbrúnni að Steinkirkju, sem er um 7 km kaflí. Átta þúsund seiðum var sleppt frá Reykjum og fram Bleikmýrardal. Seiðin voru að sögn Lúthers af stofni árinna, undar tveimur hrygnum sem höfðu verið 5 p og 12 p. Ef satt er, er hér um að ræða óvenju frjósamar hrygnur og/eða óvenju góðan árangur í eldi.

Sumarið 1989 var veiðin í Fnjóská á svipuðu plani og verið hefur síðastliðin sex ár, eða frá og með 1983. Alls veiddust 112 laxar og skiptist veiðin þannig að 32 laxar höfðu dvalið eitt ár í sjó (smálaxar) og 80 laxar höfðu dvalið tvö ár í sjó (stórlaxar).

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1) og niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 1 og á Myndum 2 og 3. Vöxtur seiða á milli ára er fremur lítill, og veldur þar líklegast mestu um hve seint voraði og að miklar leysingar kældu ána fram eftir sumri. Seiðin voru almennt vel á sig komin. Ekki er að sjá að eldri bleikjuseiði séu meira áberandi nú en áður og virðist sjávarganga þeirra því hafa orðið eðlileg.

Hjá laxaseiðunum ber hæst árganginn sem klaktist út 1987 (2+ 1989). Náttúruleg seiði af þeim árgangi eru í nokkru magni allt frá Þjóðvegsbrúnni og niðurúr og þessi árgangur fannst alveg fram að Steinkirkju. Á veiðistað 5, við Steinkirkju, eru flest seiði af þessum árgangi þó af sleppiuppruna. Á stað 4 eru líklega flest seiðin úr sleppingunni 1988 og er ekki annað að sjá en að þau hafi spjarað sig vel. Á stöðum 1a og 1b fundust nokkur laxaseiði úr sleppingunni 1989. Staður 1b var í lítilli lænu, en þar var straumurinn of lítill fyrir laxaseiði og hann latur í minni pokann í samkeppninni við bleikjuna. Þá fundust einnig seiði úr þessari sleppingu á stað 7a og virðist mér sem dreifa hefði mátt sleppingunni á enn stærra svæði. Ég tel að þegar sleppt er fyrir framan Þjóðvegsbrú eigi að miða við að sleppa alls ekki þéttar en einu seiði á hvern lengdarmetra við hvorn bakka.

Náttúruleg 1+ laxaseiði fundust neðantil í ánni, á stöðum 9 og 12. Þau eru mjög smá miðað við aldur enda bitnar vatnskuldi meir á vexti seiða, því smærri sem þau eru. Líklega mun þessi árgangur dreifast víðar um ána og ekki er ástæða til að grípa til seiðasleppinga fyrir neðan Þjóðvegsbrúna að svo stöddu.

Seiðin úr klakinu 1987 munu að líkindum flest þurfa að dvelja eitt sumar enn í ánni áður en sjóþroska er náð. Því mun gönguseiðaframleiðsla Fnjóskár tæplega komast upp úr lögð undanfarandi ára fyrr en 1991.

ALDURSGREINING HREISTURSÝNA

Niðurstöður aldursgreiningarinnar er að finna í Töflu 2. Flest seiði virðast þurfa að vera fjóra vetur í ánni áður en sjóþroska er náð. Stórlaxa sem sýni voru tekin af, mátti alla rekja til náttúrulegrar framleiðslu, en einn smálax af þremur var úr gönguseiðsleppingu. Þar virðist vera um sleppinguna frá 1987 að ræða og að seiðið hafi gengið til sjávar ári síðar en til stóð. Hér er þó um of fá sýni að ræða til að hægt sé að draga miklar ályktanir af niðurstöðum aldursgreiningar þeirra.

ÁLYKTANIR

Eins og fram kemur hér að ofan tel ég að laxrækt í Fnjóská sé á réttri leið og árangur hennar í veiði ætti að fara að sjást 1992, og jafnvel í litlum mæli 1991. Ég tel sjálfsagt að halda áfram smáseiðasleppingum og dreifa næsta sumar seiðum við austurbakkann framantil í ánni. Ég treysti mér ekki til að meta árangur gönguseiðasleppinganna 1987 og 1988 nákvæmlega en tel þó ólíklegt að árangurinn hafi ekki orðið mjög mikil. Kemur þar til að ekkert sýnanna af stórlöxunum var af sleppiuppruna og í heildina veiddust einungis 32 smálaxar 1989. Hefðu heimturnar orðið 1%, þá hefðu 20 smálaxanna verið úr gönguseiðasleppingu. Ég tel að úr því sem komið er og miðað við þá svörun sem slepping 2000 gönguseiða 1987 og aftur 1988 hefur gefið, sé eins gott að bíða þess að veiðin aukist vegna þeirrar uppsveiflu sem nú þegar má merkja í laxastofni árinna.


skyr89
fnj.89

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða eftir aldri í Fnjóská 8.-9. ágúst 1989.


Fjöldi veiddra seiða á 100 ²								
Stöð nr	Stærð m	Lax				Bleikja		
		0+	1+	2+	3+/4+	0+	1+	2+
1a	70x5	-	-	1.1	-	0.9	1.1	0.6
1b	40x2	0.1	-	-	-	2.5	5.0	1.6
3	35x10	-	2.6	-	-	0.9	2.6	0.6
4	40x10	-	-	1.2	0.2	1.5	3.2	1.7
5	70x6	-	-	2.1	0.2	0.9	4.8	0.5
7	50x10	-	-	0.4	-	0.4	2.2	-
7a	50x4	7.5	-	2.0	-	2.5	3.5	-
8	50x6	-	-	2.7	-	-	5.0	-
9	40x15	-	1.5	5.5	0.2	1.2	1.3	-
10a	30x17	-	-	5.9	0.2	1.4	3.3	0.2
11	50x10	-	-	9.4	0.2	2.2	1.4	0.2
12	60x7	-	3.3	4.5	0.2	0.9	0.9	-

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna úr laxveiðinni 1989.


Ár í ferskvatni	Á í sjó	
	1	2
1	1	-
2	-	-
3	1	2
4	1	7
5	-	5
Samtals	3	14



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fnrjóská



Mynd 2. Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fñjóská í ágúst 1989. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.



Mynd 3. Lengdar og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fňjóská í ágúst 1989. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.